

## REGLUR

### um smíði og öryggisbúnað báta minni en 6 m að lengd.

#### 1. gr.

- 1.1. Reglur þessar gilda um báta styttri en 6 m að lengd, mælt milli stafna. Eru bátarnir skilgreindir í reglunum sem smábátar.
- 1.2. Reglur þessar ná ekki til smábáta, sem blásnir eru upp með loftkenndu efni.

#### 2. gr.

- 2.1. Smábátar, sem framleiddir eru til sölu hér á landi, skulu viðurkenndir af Siglingamálastofnun ríkisins, og skulu þeir þá skrásettir hjá skráningardeild stofnunarinnar. Sama gildir um innflutta smábáta til notkunar hér á landi.
- 2.2. Smábátar, sem smíðaðir eru af eiganda til eigin nota, geta fengið viðurkenningu hjá Siglingamálastofnun ríkisins, sé þess óskað, og þeir þá einnig skrásettir hjá skráningardeild stofnunarinnar.

#### 3. gr.

- 3.1. Viðurkenning smábáta skal fara fram samkvæmt íslenskum reglum um smíði skemmtibáta útgefnum 3. nóvember 1978 og öðrum þeim reglum, sem settar kunna að verða um þessi efni.

#### 4. gr.

- 4.1. Í skrá yfir smábáta skal eftirfarandi tekið fram:
  - 4.1.1. Smábátanúmer, sem er skráningarnúmer bátsins.
  - 4.1.2. Nafn og heimilisfang framleiðanda.
  - 4.1.3. Smíðanúmer og smíðaár.
  - 4.1.4. Aðalmál (lengd, breidd, dýpt).
  - 4.1.5. Hámarksvélarafli í hestöflum.
  - 4.1.6. Hámarkshleðsla í kg.
  - 4.1.7. Hámarksfjöldi manna, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.

#### 5. gr.

- 5.1. Smábátar, sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun ríkisins, skulu merktir með viðurkenningarskilti frá stofnuninni, sem varanlega er fest í bátinn samkvæmt ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 5.2. Á viðurkenningarskiltinu skal eftirfarandi tilgreint:
  - 5.2.1. Smábátanúmer.
  - 5.2.2. Hámarksvélarafli í hestöflum.
  - 5.2.3. Hámarkshleðsla í kg.
  - 5.2.4. Hámarksfjöldi manna, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.
- 5.3. Einnig skulu bátarnir merktir með smíðanúmeri eða öðru númeri, sem Siglingamálastofnunin tekur gilt. Þetta númer skal varanlega fest eða grópað í bol smábátsins samkvæmt ákvörðun Siglingamálastofnunarinnar.

#### 6. gr.

- 6.1. Eigendur eldri smábáta eiga þess kost að fara fram á viðurkenningu þeirra hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Uppfylli þeir kröfur reglna með eða án breytinga, skulu þeir skráðir og merktir samkvæmt framansögðu.

## 7. gr.

**Smábátar, sem leigðir eru gegn greiðslu.**

- 7.1. Smábátar, sem leigðir eru gegn greiðslu, skulu hafa hlotið viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins samkvæmt þessum reglum.

## 8. gr.

**Öryggisbúnaður.**

- 8.1. Til þess er ætlast, að eigendur smábáta, sem ætlaðir eru til notkunar á sjó í fjórðum og flóum, séu með um borð, þegar báturinn er í notkun, að minnsta kosti eftirfarandi búnað og skal allur laus búnaður vera í umbúðum, sem eru fasttengdar í bátnum:
- 8.1.1. Eitt akkeri 10 kg að þyngd.  
2 m keðja 7 mm þvermál.  
30 m tóg 14 mm þvermál.
- 8.1.2. Bjargbelti fyrir alla um borð.
- 8.1.3. Þrjú rauð handblys.
- 8.1.4. Vatnshelt vasaljós.
- 8.1.5. Sjúkrakassi í vatnsheldum umbúðum, sem hefur inni að halda: Plástur, sárabindi, sáraböggul, sáragrisju, heftiplástur, dauðhreinsaða bómull, fetil, euflavin sáravatn, euflavin vaselin, joðáburð, sjóveikistöflur, magnyltöflur, coff-azyltöflur, skæri, flísatöng, öryggisnælur, slagæðabönd og teygjubindi.
- 8.1.6. Þokulúður.
- 8.1.7. Árar.
- 8.1.8. Austurtrog.
- 8.1.9. Radarspegill, sem festa má á ár.
- 8.1.10. Endurskinsmerki á borðstokk og hliðar, og/eða öðrum vel sýnilegum stöðum. Hvert merki skal vera minnst 5x30 cm að stærð.
- 8.2. Smábáta, sem eingöngu eru notaðir sem vatnabátar á takmörkuðu svæði, er þó ekki talin þörf að búa nema bjargbeltum fyrir alla um borð, árum og austurtrogi. Æskilegast er einnig að þessir smábátar séu með endurskinsmerki á borðstokk og hliðum og með vatnshelt vasaljós til merkjagjafa.
- 8.3. Smábátar í eigu félagasamtaka eða siglingaklúbba, sem lánaðir eru út til félagsmanna undir eftirliti, er ætlast til að séu búnir sem vatnabátar.
- 8.4. Smábátar, sem leigðir eru út til almennings til stuttra ferða á lygnu vatni í sjónmáli frá eftirlitsstöð leigusala, skulu vera búnir bjargbeltum fyrir alla um borð, árum og austurtrogi.

## 9. gr.

**Skyndiskoðanir.**

- 9.1. Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að gera skyndiskoðanir á smábátum þeim, sem þessar reglur fjalla um, hvar og hvenær sem hentugt þykir. Sé smábát á einhvern hátt áfátt í gerð eða búnaði, ber skoðunarmanni að benda eiganda á slíka ágalla, og hvernig megi úr þeim bæta. Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1979 og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*